

Hagnýtu H-in

- ◆ Hver gerði (sagði)
- ◆ hvað,
- ◆ hvar,
- ◆ hvenær,
- ◆ hvernig,
- ◆ hvers vegna
- ◆ og hvað svo?

Frekar létt en formlegt

Við erum æskulýðs-hreyfing og við getum því leyft okkur léttara mál en formlegri landsamtök.

Höfum í huga:

- ◆ Réttta notkun á tungumálinu.
- ◆ Vandað málfar.
- ◆ Stuttar og einfaldar setningar.
- ◆ Hnitmiðað orðaval.
- ◆ Íslensk nýyrði fremur en erlend tökuorð.
- ◆ Húmor hefur fáum grandað.



Skátamiðstöð er samskiptamiðstöð

Lifandi fréttamiðlun er hluti af daglegu lífi fagstarfsmanna

Fréttastefna Skátamála er einföld:

Aðgengileg, áhugaverð og gagnleg

Fréttastefna Skátamála er einföld. Hún er að koma á framfæri öllu því sem frétt næmt getur talist hjá skátum á Íslandi og vakið getur áhuga og kátínu íslenskra skáta, auk þess að byggja upp þekkingargrunn þeirra.

Við viljum einnig ná til almennings og skrifum þannig að hann geti skilið okkur. Textar okkar þurfi ekki fyrirframþekkingu og þeir séu aðgengilegir, áhugaverðir og gagnlegir.

Við höldum í heiðri góða siði blaðamanna um óhlutdrægni, virðingu fyrir viðmælendum og umfjöllunarefni.

Við viljum að starfið sjálf sé í forgrunni: Ferðir, útivera, samfélagsverkefni og einnig fundir, námskeið, fræðsla og ráðstefnur. Einnig viljum við sjá inni margvíslegt sem tengist skátunum sjálfum og þroska þeirra, vináttu og samveru.

Þá segjum við einnig frá félögum, stofnunum og fyrirtækjum sem tengjast okkur á einhvern hátt án þess að leggjast flöt í gagnrýnislausu auglýsingamennsku.

Við leitumst við að tengja Ísland við alþjóðasamfélagið og birtum gjarnan fréttir af því og reynum að setja í samhengi við okkar stöðu.

Inntak skátastarfsins er okkur umfjöllunarefni og þá gjarnan í tengslum við uppfærða dagskrá og einnig setjum við efni í samhengi við klassísk gildi s.s. skátalögin, skátaheiti og gott Café Latté.

Frétt til lesenda í nokkrum skrefum:

1. Skrifaðu texta sem er aðgengilegur, áhugaverður og gagnlegur. Notaðu ritvinnsluforrit til að skrifa texta, leiðrétta og senda á aðra. Ekki skrifa beint inn í vefumsjónarkerfið.
2. Finndu góða fyrirsögn og jafnvel millifyrirsagnir.
3. Lestu texta þinn upphátt - JÁ, gerðu það !
4. Finndu góða ljósmynd eða teikningu til að hafa með fréttinni. Íhugaðu myndatexta og skráðu hugmyndir hjá þér í vinnslunni.
5. Tímasettu innsetningu efnis í samráði við fréttavaktina.
6. Við innsetningu á vef virðum við útlitsreglur um leturval, hliðarvalmynd og stærðir ljósmynda.
7. Skoðaðu alltaf síðuna frá sjónarhóli almenns lesanda. Lestu síðuna yfir eftir birtingu og sannreynðu alla tengla.
8. Við höfum nokkrar leiðir til að magna upp lestur, s.s. Facebook, Þriðjudagspóst, tölvu-póstsendingar, fréttaskeyti á fjölmörgu o.fl. Notum boðleiðir án þess að yfirdrifa og metum áherslu í heildarsamhengi allra fréttu.





Hvað er frétt?

Frétt er frásögn af atburði eða fyrirbæri sem almenning varðar um og var ekki áður kunnugt um.

Frétt þarf einnig að snerta fólk, því frétt sem enginn hefur áhuga á er lítils virði.

Fréttamiðill hefur skyldur gagnvart sínum lesendum að koma fréttum hratt og áreiðanlega til skila með skilvirkum, skýrum og lifandi hætti.

Trúverðugleiki og vinsemd

Við veljum fréttæfnið eftir mikilvægi og sannleiksgildi og okkur ber að vera trúverðug og gæta óhlutdrægni, jafnvægis og sanngirni.

Við höldum okkur ávallt við staðreyndir og skáldum ekki inn í eyðurnar.

Textasmiðir ættu að tileinka sér vinalegan og hlutlausan tón. Við skulum ávallt tala af virðingu til lesenda okkar og haga máli okkar þannig að við særum ekki né tölum niðrandi til einstaklinga.

Settu þig í spor lesandans

Við eigum að ganga út frá því að lesandinn búi ekki yfir fyrirfram þekkingu á efninu, en við gerum jafnframt ráð fyrir að hann hafi áhuga á að sökkva sér í það. Það reynir á textagerðarmann að segja þannig frá, að þeim sem þekka efnið leiðist ekki og sá sem ekki þekkir það komist inn í málið.

Höfum ávallt upplifun lesandans í huga:

- ◆ Hvar birtist fréttin og hvert er heildarsamhengi hennar?
- ◆ Hvernig er samspil myndar eða annars myndmáls, fyrirsagnar og texta?
- ◆ Hver er frásagnarmátinn?
- ◆ Hvað vekur athygli og áhuga lesanda?

Gefum okkur tíma til að horfa á fréttir eftir birtingu með augum lesandans og byggjum þannig upp eigin reynslu og myndum okkur skoðun. Hlustum vel eftir því þegar lesendur koma með ábendingar um efni.

Vöndum okkur - hratt

Lesendur vilja nýtt efni, sem þeir geta treyst, sett fram á áhugaverðan, grípandi og nákvæman hátt þannig að þeim gagnist og geti notið.

Hér takast á nokkur atriði sem við þurfum að meta hverju sinni:

- **Hraði** - við skilum inn ferskum fréttum. Hver eru tímamörkin?
- **Áreiðanleiki** - eru upplýsingarnar réttar?
- **Yfirbragð** - hver er stemningin í textanum og fyrirsögnum? Er efnið grípandi?
- **Ásýnd** - ljósmyndir og önnur framsetning.
- **Nákvæmni** - eru upplýsingar nógu nákvæmar til að notanda gagnist.

Einkum takast á sjónarmið um hraða og áreiðanleika. Hvort eigum við að koma frétt strax á framfæri þó ónákvæmni gæti eða bíða með birtingu þar til allt hefur fengist staðfest og er sannreynt? Þetta er stöðugt matsatriði og gefur lífinu gildi.

Ekki flækja málið

Högum orðavali á þann hátt að tungutakið verði ekki of þungt eða flókið. Best af öllu er að styðjast við einfalt og gott ritmál sem allir skilja. Höldum skróði og flækjum í lágmarki.

Flókið málfar er til dæmis:

- Flóknar beygingar.
- Sjaldgæf og sérhæfð orð.
- Löng orð og langar orðarunur.
- Skammstafanir.
- Íðmál.
- Auka- og innskotssetningar.
- Vörumst óbeina orðaröð og flókið mál sem oft einkennir formlegt málsnið.

Stuttar setningar skiljast oft betur en lengri setningar og einnig er meiri hætt á villum í löngum setningum en stuttum.